

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 17.10.2016

---

Sveitarstjórnarfundur haldinn í Skagabúð 17.10.2016

Mætt voru Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Helga Ingimarsdóttir, Magnús Björnsson, Magnús Guðmannsson og Vignir Sveinsson.

Vignir setur fundinn og stýrir honum.

## **Dagskrá er eftirfarandi:**

1. Bréf frá Innanríkisráðuneytinu, form og efni viðauka við fjárhagsáætlun
2. Bréf frá Vegagerðinni vegna framkvæmdaleyfa
3. Farskólinn, rekstrarstyrkur v/2017
4. Bréf frá Norðurá v/fjármögnunar vegna stækkunar urðunarstaðar
5. Tilnefningar í gróður og náttúrverndarnefnd A-Hún
6. Kjörskrá v/alþingiskosning
7. Önnur mál

### **1. Bréf frá Innanríkisráðuneyti.**

Borist hefur bréf frá Innanríkisráðuneytinu sem fjallar um verklag sveitarfélaga vegna gerð viðauka við fjárhagsáætlun. Bréf lagt fram til kynningar.

### **2. Bréf frá Vegagerðinni vegna framkvæmdaleyfa**

Borist hefur beiðni um framkvæmdaleyfi frá Vegagerðinni vegna sjóvarna í Skagabyggð og Skagaströnd. Tekið verður grjót úr Hvammskotsbruna og nýtt í sjóvarnir við Skagaströnd og Kálfshamarsvík, og úr Digramúla í sjóvörn við Víkur. Sveitarstjórn samþykkir beiðni og felur oddvita að gefa út framkvæmdaleyfi.

Einnig hefur borist tölvubréf frá Vegagerð með beiðni um framkvæmdaleyfi við endurnýjun ræsis við Harrastaði ásamt breikkun vegar og lagningu slitlags. Oddvita falið að hafa samband við Skipulagstofnun og í framhaldi að gefa út framkvæmdaleyfi ef ekki finnast annmarkar á framkvæmdinni.

### **3. Farskólinn, rekstrarstyrkur 2017**

Beiðni um rekstrarstyrk kr. 19.000 hefur borist frá Farskólanum. Beiðni samþykkt

### **4. Bréf frá Norðurá**

Fyrir fundinum lá erindi stjórnar Norðurár bs. þar sem óskað er eftir að aðildarsveitarfélög Norðurár bs. veiti byggðasamlaginu einfalda ábyrgð á láni hjá Lánasjóði sveitarfélaga og veð

## Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 17.10.2016

í tekjum fyrir því. Ábyrgðin er hlutfallsleg eftir eignarhlut í Norðurá bs. sem var skv. ársreikningi 2009 skilgreindur hlutfallslega miðað við innborgað stofnfé:

Sveitarfélagið Skagafjörður .....	64,8%
Akrahreppur.....	3,45%
Blönduósþær.....	14,27%
Sveitarfélagið Skagaströnd.....	8,52%
Húnavatnshreppur.....	7,34%
Skagabyggð.....	1,62%

Hreppsnefnd Skagabyggðar samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Norðurár bs hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 250.000.000 kr. til allt að 8 ára. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Norðurá bs. Til tryggingar ábyrgðinni standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til gerðar urðunarstaðarins Stekkjarvíkur við Sölvabakka sem fellur undir lánshæf verkefni sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Hreppsnefnd Skagabyggðar skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Norðurár bs. til að breyta ekki ákvæði samþykpta Norðurár bs sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Skagabyggð selji eignarhlut í Norðurá bs. til annarra opinberra aðila, skuldbindur Skagabyggð sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Vigni Sveinssyni, kt. 180866-3029 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Skagabyggðar veitingu ofangreindrar ábyrgðar og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast veitingu tryggingar þessarar.

### 5. Tilnefning í Gróður- og náttúruverndarnefnd

Í samningi um gróður og náttúruverndarnefnd Austur- Húnavatnssýslu er kveðið á um að nefndin sé skipuð einum fulltrúa og einum varamanni frá hverju sveitarfélagi samkvæmt tilnefningu Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda sbr. lög nr. 17/1965 um landgræðslu. Fyrir fundinum lá tilnefning frá Búnaðarsambandinu þar sem lagt er til að aðalmaðurð Skagabyggðar verði Magnús Guðmannsson og varamaður Magnús Björnsson

Sveitarstjórn staðfesti tilnefninguna.

### **6. Kjörskrá vegna alþingiskosninga**

Fyrir fundinum lá kjörskrá vegna Alþingiskosninga sem fram fara 29. október nk. ásamt bréfi frá Þjóðskrá Íslands dags. 26. september 2016 þar sem forsendur og gerð kjörskrárinnar eru skýrðar.

Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi kjörskrá og staðfesti hana.

### **7. Önnur mál**

Rætt var um afleggjara að Kambakoti sem er í mjög slæmu ástandi. Oddvita falið að skrifa bréf til Vegagerðarinnar.

Umræður sköpuðust um slátt á vegköntum.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 15,25